
Landeldi í Hvalfirði, 28.000 tonna framleiðsla á ári Hvalfjarðarsveit Álit um matsáætlun

1 Inngangur

Þann 17. janúar 2025 barst Skipulagsstofnun matsáætlun Aurora fiskeldi ehf. vegna umhverfismats fyrirhugaðs landeldis í Hvalfirði, sem stofnunin hefur móttengið í samræmi við 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. lið 1.05 og 1.09 í 1. viðauka laganna og ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdarinnar dags. 18. október 2024.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Hvalfjarðarsveitar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarstofnunar, Umhverfis- og orkustofnunar og Veðurstofu Íslands um matsáætlun framkvæmdaraðila.

Matsáætlun var kynnt með auglýsingu í Morgunblaðinu 20. janúar og var aðgengileg á Skipulagsgátt. Kynningartími matsáætlunar var frá 20. janúar 2024 til 18. febrúar 2025.

2 Gögn lögð fram

Matsáætlun framkvæmdaraðila: Landeldi í Hvalfirði, 28.000 tonna framleiðsla á ári í Hvalfjarðarsveit. Matsáætlun. Aurora fiskeldi og Efla verkfræðistofa 17. janúar 2025.

Umsagnir um matsáætlun bárust frá:

- Hvalfjarðarsveit dags. 27. febrúar 2025,
- Fiskistofu dags. 12. febrúar 2025,
- Hafrannsóknastofnun dags. 27. febrúar 2025,
- Heilbrigðiseftirliti Vesturlands dags. 20. febrúar 2025,
- Matvælastofnun dags. 17. febrúar 2025,
- Minjastofnun Íslands dags. 5. mars 2025,
- Náttúrufræðistofnun dags. 18. febrúar 2025,
- Náttúruverndarstofnun dags. 17. febrúar 2025,
- Umhverfis- og orkustofnun dags. 18. febrúar 2025,
- Veðurstofa Íslands 20. febrúar 2025.

Einnig bárust umsagnir frá:

- Guðrúnu Jónsdóttur dags. 20. janúar 2025,
- Stjórn Veiðifélags Laxár í Leirársveit dags. 17. febrúar 2025,
- Norðuráli Grundartanga ehf. dags. 18. febrúar 2025,

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila þann 7. mars 2025.



3 Framkvæmd

Í matsáætlun Aurora fiskeldi ehf. eru kynnt áform að byggja landeldistöð fyrir lax á Grundartanga í Hvalfjarðarsveit. Fyrirhuguð framleiðsla er um 28.000 tonn á ári, með 18.000 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma. Gert er ráð fyrir að stöðin verði byggð upp í þremur áföngum og að full framleiðsla náist árið 2032.

Vatnspörf

Strandsjó verður dælt beint inn í stöðina og verða inntakslagnir annars vegar á 10 metra dýpi, 150 - 200 metra frá landi og hins vegar 30 - 50 metra dýpi um 300 - 500 metra frá landi og verður sjóvatnspörf um 27.000 l/s að hámarki. Áætluð ferskvatnspörf verður um 7 l/s að meðaltali með notkun að hámarki að 20 - 30 l/s. Ef vatnsveita á staðnum annar ekki vatnspörf við framleiðsluna, verður vatn einnig framleitt úr sjó með síum sem umbreyta söltu vatni í ferskt vatn.

Fóðurnotkun

Í seiðaeldi er gert ráð fyrir að fóðurnotkun verði 350 - 400 tonn á ári. Reiknað er með að fóðurstuðull seiðaeldis verði 0,8-0,9 en breytilegur eftir vaxtarstigi seiðanna. Í sjóvatnseldi er gert ráð fyrir að fóðurnotkun verði um 28.000 tonn á ári miðað við fóðurstuðull 1,0 - 1,1.

Fráveita og lífrænn úrgangur

Eldisvatnið verður hreinsað í seiða- og matfiskeldi með ristum í kerjum og síubúnaði þar sem grófar agnir verða hreinsaðar áður en því er veitt í viðtaka. Gert er ráð fyrir að minnsta kosti 70-90% hreinsun af föstum efnum. Affallið verður hreinsað í tveimur hreinsistöðvum sem verða reistar með 500 m³ þró fyrir fiskimykju. Báðar hreinsistöðvarnar verða með 6 tromlusíum sem sía affallsvatn. Gera má ráð fyrir allt að 24 tonnum af fiskimykju á dag og verður geymslugetan rúmlega 20 dagar. Losun á uppleystum lífrænum næringarefnum við 28.000 tonna framleiðslu verður um 510 tonn af köfnunarefni og 58 tonn af fosfór.

Varnir gegn slysasleppingum

Í hverju eldiskari er rist til varnar því að fiskur sleppi út. Stærð ristagata fer eftir stærð fiska í kari sem varnar þess að fiskur komist í frárennislögn. Úr kari fer vatn í gegnum tromlusíu þar sem öll föst efni verða hreinsuð. Eftir síuhreinsun er seinasta fyrirbyggjandi aðgerðin að vatnið fer í gegnum fiskheldar ristar sem séu í útrás.

Landmótun, haugsetning og efnispörf

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að leitast verði við að nota efni sem komi úr uppgrefti í fyllingar og hugsanlega í manir eða aðra landmótun innan lóðar. Verði það gert í samráði við lóðareiganda og skipulagsyfirvöld í sveitarfélaginu. Efni í fyllingar verði fengið frá viðurkenndum námum. Losun á efni sem keyra þarf í burt verði gert í samvinnu við sveitarfélagið, ef til þess komi.

Um framkvæmdalýsingu vísast að öðru leyti til matsáætlunar Aurora fiskeldi ehf.

4 Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlagða matsáætlun framkvæmdaraðila ásamt umsögnum og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim í samræmi við 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Samkvæmt 3. mgr. 21. gr. laga nr. 111/2021 skal álit Skipulagsstofnunar fela í sér leiðbeiningar til framkvæmdaraðila um vinnslu, efni og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Álit Skipulagsstofnunar er bindandi fyrir framkvæmdaraðila og skal hann leggja það til grundvallar umhverfismatsskýrslu



ásamt matsáætlun. Að öðru leyti er kveðið á um kröfur til umhverfismatsskýrsla í 22. gr. laga nr. 111/2021 og 15. gr. reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 1381/2021.

Að neðan er gerð grein fyrir atriðum sem fjalla þarf um í umhverfismatsskýrslu umfram það sem tilgreint er í matsáætlun framkvæmdaraðila eða leiðir beint af kröfum í 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og reglugerðar á grundvelli þeirra.

Valkostir

Í matsáætlun Aurora fiskeldi ehf. kemur fram að staðsetning stöðvarinnar sé talin heppileg fyrir eldið vegna þess að svæðið sé tiltölulega lágt í landi. Hæðarlega landsins leiði til þess að ekki sé þörf á eins mikilli orku við það að dæla sjó í gegnum stöðina. Jafnframt henti staðsetningin vel með tilliti til þeirra innviða sem á svæðinu séu en þar megi meðal annars nefna orkuinnviði og vegi. Þá séu jafnframt tækifæri til staðar við að vinna með auðlindastrauma þeirra aðila sem þegar séu á svæðinu, svo sem vegna orku sem þegar fari til spillis og vatn. Framkvæmdaraðili muni ekki bera saman mismunandi valkosti fyrir staðsetningu stöðvarinnar í umhverfismatsskýrslu.

Framkvæmdaraðili leggur upp með að notast við líffiltersstöð við framleiðslu á ferskvatni vegna skorts á því á svæðinu. Í matsáætlun segir að líffilter fyrir saltvatn sé í dag ekki tæknilega fullkomin og það vanti verulega upp á rekstraröryggi. Auk þess sem sá kostur myndi vera dýrari. Áhættutakan við að byggja slíka stöð sé óásættanleg fyrir framkvæmdaraðila, ásamt miklum kostnaði.

Skipulagsstofnun minnir á að við mat á umhverfisáhrifum skal gera grein fyrir raunhæfum valkostum sem framkvæmdaraðili hefur kannað og helstu ástæðum fyrir þeim valkosti sem var valinn, með tilliti til umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar.

Viðtaki fráveitu, ástand sjávar, fjöru- og botndýralíf og ferskvatnspörf

Í matsáætlun framkvæmdaraðila kemur fram að viðtaki fráveitu stöðvarinnar sé strandsjávarhlótið Hvalfjörður (104-1330-C). Unnið verði mat á þeim áhrifum sem losun frá eldissvæði félagsins geti haft á líffræðilega, efna- og eðlisefnafræðilega gæðabætti strandsjávarhlotsins Hvalfjarðar sbr. vatnaáætlun og lög um stjórn vatnamála. Stuðst verði við fyrirbyggjandi gögn til þess að leggja mat á áhrif framkvæmdar á hryggleysingja á mjúkum botni og botnþörungum. Í umhverfismatsskýrslu verði greint frá magni og efnisinnihaldi afrennslis og þynningarsvæði fráveitunnar áætlað. Ferskvatnspörf starfseminnar er talin að hámarki allt að 20-30 l/s en að jafnaði um 7,2 l/s. Óvissa sé um aðgengi að ferskvatni frá vatnsveitu og því gerir framkvæmdaraðili ráð fyrir að framleiða ferskvatn úr sjó fyrir stöðina.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að stofnunin telur að gera þurfi grein fyrir magni þeirra áburðarefna sem falli frá framkvæmdinni og hvort líkur séu til að umhverfismarkmið vatnshlatsins náist og mikilvægt að vatnsgæði haldist í góðu ástandi. Jafnframt hvort álag frá framkvæmdinni og samlegðaráhrif hennar við annað álag sem fyrir sé á svæðinu leiði til frekari uppskiptingar á vatnshlotinu.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar er bent á að það sé mat stofnunarinnar að nokkuð vanti upp á þekkingu á grunnástandi svæðisins hvað varðar m.a. fjöru- og botndýralíf og þörf á að úr verði bætt í umhverfismatsskýrslu.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands kemur fram að óljóst sé hvert álagið verði á umhverfi, sér í lagi viðtaka og möguleg áhrif fráveitu frá starfseminni á inntak nálægrar stóriðju. Betur þurfi að gera grein fyrir hámarks magni sem gert sé ráð fyrir að berist í sjó og hvaða aðferðir fyrirtækið hyggist nota til hreinsunar svo unnt sé að leggja mat á framkvæmdina.

Í umsögn Umhverfis- og orkustofnunar er bent á að gefnar hafa verið út leiðbeiningarnar um mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot. Í mati á áhrifum framkvæmdarinnar á



strandsjávahlótið þurfi, auk áhrifa frá losun, að gera grein fyrir áhrifum vegna sjótökunnar. Einnig þurfi að gera grein fyrir áhrifum ferskvatnstöku á grunnvatnshlottið Melbakka-Leirá (nr. 104-193-G).

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í umhverfismatsskýrslu verði fjallað um áhrif fráveitu á vatnshlottið og umhverfismarkmið þess. Jafnframt verður nánar fjallað um vatnstöku og hvernig framkvæmdaraðili mun tryggja góð vatnsgæði. Ekki eru áform um ferskvatnstöku og því telur framkvæmdaraðili ekki þörf á áhrifamati fyrir grunnvatnshlottið Melbakka-Leirá (nr. 104-193-G).

Ljóst er að umfang fyrirhugaðrar starfsemi og magn uppleystra næringarefna í fráveitu kallar á greiningu á núverandi ástandi sjávar, grunnástandi fjöru- og botndýralífs og fuglalífs svo hægt sé að leggja mat á möguleg áhrif framkvæmdarinnar á viðkomandi umhverfisþætti. Fyrir liggur að nokkuð vantar upp á þekkingu á grunnástandi svæðisins og því ekki ljóst hver áhrif svo umfangsmikillar nýtingar úr strandsjávahlötinu verði á lífríki sjávar. Skipulagsstofnun telur brýnt í ljósi þess að svæðið er innan svæðis sem er á tillögu Náttúrufræðistofnunar að B-hluta náttúruminjaskrár vegna fjöruvistgerða, fugla og sela og á C-hluta náttúruminjaskrár, auk þess að vera innan mikilvægs fuglasvæðis, að gerð verði ítarlega grein fyrir grunnástandi svæðisins í umhverfismatsskýrslu og lagt mat á möguleg áhrif framkvæmdarinnar á ástandi sjávar, fjöru og botndýralífs. Að mati Skipulagsstofnunar þarf við vinnslu og framsetningu umhverfismatsskýrslu að:

- Lýsa grunnástandi strandsjávahlotsins Hvalfjörður m.t.t. gæðapátta sem notaðir eru til að meta ástand strandsjávahlöta, þ.e. nitrats, fosfats, blaðgrænu, hryggleysingja og þörungna.
- Leggja mat á áhrif framkvæmdarinnar og samlegðaráhrif með öðrum framkvæmdum á svæðinu á vatnshlottið, þ.m.t. hvort umhverfismarkmið vatnshlotsins náist. Áhrifamatið þarf að vinna í samræmi við leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar¹.
- Gera grein fyrir mögulegum áhrifum á hitastig, seltu og hlutfall næringarefna í viðtaka.
- Gera grein fyrir og/eða leggja mat á hvaða lífverur finnast í fjöru á áhrifasvæði frárennslis. Hvort tegundir séu innan athugunarsvæðis sem njóta verndar og/eða teljast sjaldgæfar. Hver séu líkleg áhrif frárennslis á tegundarsamsetningu eða fjölbreytileika í fjöru og sjó. Hver séu líkleg samlegðaráhrif framkvæmdar með annarri starfsemi á lífríki viðtaka.
- Gera grein fyrir og leggja mat á möguleg áhrif sjótöku á lífríki.
- Gera grein fyrir og leggja mat á hver áhrif vinnslu á fersku vatni úr sjó kunni að hafa á viðkomandi strandsjávahlöt.
- Gera grein fyrir fyrirkomulagi ferskvatnsvinnslu úr sjó, komi til þess að framkvæmdaraðili hafi ekki aðgang að fersku vatni úr vatnsveitu.

Vöktun

Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að öll umfjöllun í umhverfismatsskýrslu taki mið af umfangi framkvæmdarinnar. Leggja þarf fram vöktunaráætlun sem er til þess fallin að tryggja stöðuleika þess lífríkis sem fyrir er. Telur Skipulagsstofnun æskilegt að vöktunaráætlun sé unnin í samráði við aðra aðila á svæðinu. Að mati Skipulagsstofnunar þarf við vinnslu og framsetningu umhverfismatsskýrslu að:

- Gera grein fyrir áformaðri vöktun á viðtaka fráveitu, sem snúa að gæðum strandsjávar og lífríkis, sem feli m.a. í sér viðmið sem talin eru ásættanleg fyrir stöðu strandsjávahlotsins og ráðgert er að styðjast við sem og viðbragðsáætlun ef niðurstaða vöktunar reynist ekki ásættanleg.

¹ Umhverfis- og orkustofnun. Áhrifamat fyrir vatnshlot. <https://vatn.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/ahrifamat-fyrir-vatnshlot/>



Vistgerðir, gróður og fuglalíf

Í matsáætlun framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirbyggjandi rannsóknir benda til þess að gróðurfar á framkvæmdarsvæði sé fremur fábreytt og einkennist hluti þess af framræstum túnum og skurðum. Endurheimt votlendis hafi einnig átt sér stað á svæðinu og sé Katanestjörn, að mestu, endurheimt votlendissvæði. Líffræðingur verður fenginn til þess að vinna minnisblað út frá fyrirbyggjandi gögnum, sem stuðst verði við, við mat á áhrifum framkvæmdar á umhverfispáttinn. Í umhverfismatsskýrslu verði fjallað um heildarrask á gróðri og vistgerðum auk þess sem aðgerðir verða lagðar fram til þess að koma í veg fyrir, draga úr eða bæta fyrir rask eftir því sem við á. Til að meta áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf verða framkvæmdar talningar á framkvæmdarsvæðinu og munu talningar ná til farfugla að vori og hausti, auk varpfugla að sumri auk fyrirbyggjandi gagna. Almennt varp verður einnig kannað á framkvæmdasvæðinu. Einnig verður stuðst við vetrartalningar á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði, sem Náttúrufræðistofnun stendur fyrir árlega.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar er bent á að skv. matsáætlun sé ekki fyrirhugað að rannsaka gróður á svæðinu heldur verði stuðst við fyrirbyggjandi gögn, þ.e. rannsóknir RORUM vegna umhverfismats Qair Ísland ehf. vegna framkvæmda á næstu lóð, Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar og ljósmyndir úr vettvangsferð. Það sé mat stofnunarinnar að nokkuð vanti upp á þekkingu á grunnástandi svæðisins hvað varðar gróður og fugla og þörf á að úr verði bætt í umhverfismatsskýrslu.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar er bent á að skv. vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar geta verið innan skipulagssvæðisins vistgerðirnar starungsmýravist og língresis- og vingulsvist sem séu með mjög hátt og hátt verndargildi og á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Í starungsmýravist geti verið ríkt fuglalíf og algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll, spói, þúfutittlingur, hrossagaukur, jaðrakan og stelkur nýti slíka vistgerð til varps. Náttúruverndarstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands. Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að framkvæmdarsvæðið og jaðarsvæði þess sé kortlagt, fjallað sé um hversu mikið af búsvæðum muni tapast og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna. Einnig þarf að mati stofnunarinnar að athuga hvort að framkvæmdin fæli fugla frá svæðinu og valdi hindrunum á farleiðum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í umhverfismatsskýrslu verði fjallað um áhrif framkvæmdar á vistgerðir og fuglalíf. Framkvæmdar verða úttektir á vistgerðum, gróðri og fuglalífi og æðplöntuflóra könnuð innan lóðar. Áhrif framkvæmdar á umhverfispáttina verða metin bæði fyrir framkvæmdartíma og rekstartíma. Mótvægisáðgerðir verða lagðar fram eftir því sem við á.

Skipulagsstofnun tekur undir ábendingar umsagnaraðila að þau gögn sem liggja til grundvallar mati á áhrifum á vistgerðir séu ónákvæm og að nokkuð vanti upp á þekkingu á grunnástandi framkvæmdasvæðisins hvað varðar gróður og fugla. Skipulagsstofnun telur einnig að með endurheimt Katanestjarnar og votlendis á áhrifasvæði framkvæmdarinnar hafi orðið breytingar á svæðinu sem viðbúið er að hafi haft áhrif á viðkomandi umhverfispátti.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við áform framkvæmdaraðila varðandi umfjöllun og mat á áhrifum á vistgerðir, gróður og fuglalíf. Stofnunin bendir á mikilvægi þess að vettvangsathugun fari fram á gróðri og vistgerðum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og votlendissvæði sem njóti sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd verði kortlögð. Skipulagsstofnun bendir jafnframt á að Hvalfjörður er skilgreindur sem mikilvægt fuglasvæði og þarf umfjöllun og mat á áhrifum á fugla að taka mið af þeirri staðreynd.

Slyasleppingar

Í matsáætlun framkvæmdaraðila kemur fram að í umhverfismatsskýrslu verði gerð ítarleg grein fyrir strokvörnum, hugsanlegum hættum sem leitt geta til stroks, viðbrögðum ef tromlusía fer í yfirfall



og viðbrögðum vegna mögulegs stroks. Mat verði lagt á möguleg áhrif sökum stroks og erfðablöndunar. Framkvæmdaraðili greinir ekki frá því hvernig hann hyggst meta möguleg áhrif vegna erfðablöndunar.

Í umsögn Fiskistofu er bent á að fjalla þurfi nánar um varnir gegn slysasleppingum og líkleg áhrif sökum stroks og erfðablöndunar í umhverfismatsskýrslu.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í umhverfismatsskýrslu verður fjallað nánar um varnir gegn slysasleppingum og líkleg áhrif sökum stroks og erfðablöndunar. Ekki hafi verið tekin ákvörðun um hvernig flutningur sláturfisks fari fram. Verður fjallað nánar um hvaða lausnir koma til greina, hvort hætta sé á slysasleppingum fyrir hverja lausn og mótvægisáðgerðir til varnar slysasleppingum, ef þörf er á.

Skipulagsstofnun bendir á að fyrir liggur að eldi á frjóum laxi í sjókvíum er háð takmörkunum sem skilgreind eru í áhættumati Hafrannsóknastofnunar. Nú er í gildi auglýsing um friðunarsvæði, þar sem eldi laxfiska í sjókvíum hefur verið lýst óheimilt á tilteknum svæðum, þ.m.t. í Faxaflóa, en ljóst er að fjarlægð á milli eldissvæða og laxáa skiptir miklu máli um hvort strokulax leiti upp í ár. Á grunni auglýsingar um friðunarsvæði var ákveðið að óheimilt væri að stunda fiskeldi í námunda við þau svæði þar sem helst finnst villtir stofnar laxa, sbr. stór svæði m.a. á Vesturlandi. Þrátt fyrir þær varnir gegna slysasleppingum sem framkvæmdaraðili hyggst viðhafa telur Skipulagsstofnun, í ljósi tilkynnta óhappa frá landeldisstöðvum hérlandis árið 2024, frá Arctic Smolt í Tálknafirði, Samherja í Öxarfirði, Röndinni á Kópaskeri og Háafells á Nauteyri, auk samantektar um slysasleppingar frá landeldisstöðvum í Noregi á árunum 2010-2018², að ofangreind áform um eldi á frjóum laxi geti haft neikvæð áhrif á villta laxastofna m.t.t. erfðablöndunar ef að til þess kemur að frjór lax sleppi við eldi eða flutning. Ljóst er að áhrif erfðablöndunar geta verið óafturkræf með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á erfðafræðilega fjölbreytni og kann þessara neikvæðu áhrifa að gæta í ám í innanverðum Faxaflóa og sér í lagi í Hvalfirði sem hýsa stofna laxfiska, s.s. Laxá í Kjós, Brynjudalsá, Laxá í Leirársveit auk annarra laxveiðiáa á svæðinu. Stofnunin telur að horfa verði til varúðarreglu laga um náttúruvernd sem kallar á nánari greiningu og mat á mögulegum slysasleppingum og áhrifum þeirra. Að mati Skipulagsstofnunar þarf við vinnslu og framsetningu umhverfismatsskýrslu að:

- Fjalla ítarlega um varnir gegn slysasleppingum og hvernig framkvæmdaraðili hyggst tryggja að þær séu ávallt virkar.
- Leggja mat á áhrif slysasleppinga á villta laxastofna m.t.t. erfðablöndunar með hliðsjón af reynslu af landeldi hérlandis og í Noregi.
- Gera grein fyrir mögulegum áhrifum þess að fiskur sleppi á ólíkum lífsstigum, þ.e. sem seiði, sjögönguseiði og sem sláturlax.
- Gera grein fyrir strokvörnum og viðbrögðum vegna stroks þegar kemur að mögulegum flutningi fiskis úr stöð í brunnbát til slátrunar.

Landslag og ásjúnd

Í matsáætlun framkvæmdaraðila kemur fram að til þess að meta sjónræn áhrif framkvæmdarinnar verði stuðst við framkvæmdarlýsingu, vettvangsferð og ljósmyndir af svæðinu. Lagt verði mat á umfang framkvæmdarinnar og áhrif hennar og þau borin saman við viðkvæmni svæðisins m.t.t. breytinga á ásjúnd með líkanmyndum eða einföldum skýringarmyndum.

Fyrir liggur að framkvæmdasvæðinu hefur að nokkru leyti verið raskað vegna framræslu fyrri tíðar, en undanfarin ár hefur verið unnið að því að endurheimta upprunalegt ástand svæðisins með því að fylla upp í áður framræsta skurði, ásamt því að Katanestjörn sem svæðið liggur að hefur verið

² Causal analysis of escape of Atlantic salmon and rainbow trout from Norwegian fish farms during 2010–2018. Slóðin er: <https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0044848620315684>



endurheimt. Framkvæmdasvæðið er í grennd við iðnaðar- og hafnarsvæðið á Grundartanga, sem einkennist af umfangsmiklum mannvirkjum og munu verða samlegðaráhrif með þessum mannvirkjum með tilkomu fyrirhugaðrar landeldisstöðvar og viðbúið að yfirbragð norðurstrandar Hvalfjarðar verði enn manngerðara við fyrirhugaðar framkvæmdir. Að mati Skipulagsstofnunar þarf við vinnslu og framsetningu umhverfismatsskýrslu að:

- Fjalla um samlegðaráhrif ásýndar með öðrum mannvirkjum á svæðinu, s.s. með líkanmyndum.

Verndarsvæði

Fyrir liggur að framkvæmdasvæðið er að hluta til innan svæðis sem er á tillögu Náttúrufræðistofnunar að B-hluta náttúruuminjaskrár vegna fjöruvistgerða, fugla og sela og það nær inn á svæði á C-hluta náttúruuminjaskrár, Hvalfjarðarströnd, auk þess að vera innan mikilvægs fuglasvæðis, Hvalfjörður. Svæðið í grennd við iðnaðar- og hafnarsvæðið á Grundartanga, sem einkennist af umfangsmiklum mannvirkjum og munu verða samlegðaráhrif með þessum mannvirkjum með tilkomu fyrirhugaðrar landeldisstöðvar og viðbúið að yfirbragð norðurstrandar Hvalfjarðar verði enn manngerðara við fyrirhugaðar framkvæmdir á svæði sem nýtur þegar verndar og Náttúrufræðistofnun telur ástæðu til að vernda frekar. Að mati Skipulagsstofnunar þarf við vinnslu og framsetningu umhverfismatsskýrslu að:

- Kortleggja votlendi og tjarnir sem falla undir sérstakra vernda samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd, og gera grein fyrir hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins.

Sjótaka og heilbrigðismál

Í matsáætlun framkvæmdaraðila kemur fram að í umhverfismatsskýrslu verði fjallað um áhættu á því að lúsalífur og þörungablómi berist með sjó auk þess sem heilbrigðismálum í stöðinni verða gerð skil.

Í umsögn Matvælastofnunar kemur fram að gera verði betur grein fyrir því hvernig framkvæmdaraðili hyggst tryggja að sjór sem tekinn er inn í stöðina sé öruggur. Gera þurfi grein fyrir smitvörnum ekki eingöngu út frá sníkjudýrum og þörungablóma heldur einnig smitsjúkdómum. Í umsögnum Matvælastofnunar og Heilbrigðiseftirlits Vesturlands er bent á áhættuna af nærliggjandi álveri á matvælaöryggi og þeirrar afurða sem stefnt sé að framleiða. Það séu ýmsir þættir, einna helst þungmálmur, sem geta safnast upp í fiski, ef þeir séu í vatninu/sjónum og þannig ógnað matvælaöryggi. Leggja þurfi mat á áhættu vegna mengunar frá álveri á heilnæmi fisksins.

Í umsögn stjórnar Veiðifélags Laxár í Leirársveit leggur veiðifélagið áherslu á að tryggt verði að hvorki fiskur né sjúkdómar geti borist frá eldisstöðinni.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í umhverfismatsskýrslu verði nánar fjallað um sjótöku og áhættu sem geti stafað af þeirri vinnsluáðferð sem framkvæmdaraðili hyggist nýta. Jafnframt verður gerð ítarleg grein fyrir smitvörnum og viðbrögðum við hugsanlegum smitsjúkdómum í umhverfismatsskýrslu. Einnig verður fjallað um mengandi efni sem núverandi iðnaður á svæðinu getur haft í för með sér og hvort áhætta sé til staðar, meðal annars m.t.t. heilnæmi fiska og matvælaöryggis.

Að mati Skipulagsstofnunar þarf umfjöllun í umhverfismatsskýrslu að taka til mögulegrar losunar hreinsiefna, lyfja- og efnanotkunar. Auk þess þarf að gera grein fyrir viðbrögðum ef smitsjúkdómar koma upp í eldisstöðinni og mögulegum áhrifum á eldisfisk og lífríki viðtaka.

Efnisþörf og efnislosun

Fyrir liggur að framkvæmdin kallar á umfangsmikla tilfærslu efnis. Að mati Skipulagsstofnunar þarf við vinnslu og framsetningu umhverfismatsskýrslu að:



- Gera grein umfangi þess efnis sem fyrirhugað er að fjarlægja með einum eða öðrum hætti. Einnig þarf að gera grein fyrir hver efnisþörfin er, hve mikið efni nýtist úr uppgreftri, einnig þarf að gera grein fyrir mögulegri haugsetningu, s.s. staðsetningu og efnismagni.

Fornminjar

Í matsáætlun framkvæmdaraðila kemur fram að fornleifafræðingur verður fenginn til þess að gera úttekt á fornminjum innan fyrirhugaðs framkvæmdarsvæðis. Öllum fornleifum verður lýst og þær staðsettar með GPS-hnitum. Lagt verður mat á það hvort fornleifum stafi hættu af fyrirhuguðum framkvæmdum. Greint verður frá niðurstöðum skráninga, lagt mat á hversu mikil hættu skapast á að minjar raskist og lagðar til mótvægisáðgerðir ef þörf krefur.

Í umsögn Minjastofnunar er bent á að sú skráning sem liggja fyrir fullnægi ekki þeim kröfum og stöðlum sem gerðar eru til fornleifaskráningar í dag. Mælist stofnunin til þess að ráðin verði bót á því og að lóð 34 og önnur hugsanleg áhrifasvæði framkvæmdanna, eins og t.d. vegna lagna niður að sjó, verði kannað á vettvangi af fornleifafræðingi svo ganga megi úr skugga um hvort minjar finnist á svæðinu. Ljóst sé að minjapéttnin er mest við bæjarstæði Kataness sem sé nokkurn spöl frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Á bænum hafi hins vegar verið búið um aldir, jafnvel frá landnámi og vænta megi minja af ýmsum toga í næsta nágrenni hans. Gangu þurfi frá skráningunni í samræmi við gildandi staðla, þar sem minjar séu mældar upp og staðsettar á kortagrunni. Þetta sé forsenda þess að hægt verði að leggja raunhæft mat á áhrif framkvæmdanna á fornleifar.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að þar til hæfur sérfræðingur verði fenginn til þess að gera úttekt á minjum innan svæðisins. Verða minjar sem finnast skráðar í samræmi við núgildandi kröfur og staðla.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við áformaða nálgun við mat á áhrifum á fornleifar, eins og þeim er lýst í matsáætlun og svörum framkvæmdaraðila við umsögnum Minjastofnunar Íslands.

Orkuþörf og orkunýting

Í matsáætlun framkvæmdaraðila kemur fram að heildaraflþörf sé áætluð um 8.400 kW. Nánar verði fjallað um raforku, lagnir og strengi í umhverfismatsskýrslu. Einnig að áform séu um nýtingu glatvarma frá nálægum iðnaði sem talinn er geta verið um 50 MW. Í umhverfismatsskýrslu verði fjallað um þann kost að nýta orku frá öðrum iðnaði og samanburður verði á orkuöflun með öðrum hætti, þar sem við á.

Skipulagsstofnun bendir á að gera þarf grein fyrir í umhverfismatsskýrslu og leggja mat á áhrif þess að nýta mögulegan glatvarma frá nærliggjandi iðnaði. Einnig þarf að gera grein fyrir því hvort nægileg flutningsgeta sé fyrir áformaðri orkuþörf frá þeirri starfsemi sem nú þegar er á svæðinu, ellegar hvort þörf sé á styrkingu flutningskerfis og/eða dreifikerfis vegna þessa.

Reykjavík, 7. apríl 2025

Egill Þórarinnsson

Jón Smári Jónsson

